



18. mars 2021

## Fréttatilkynning

### – Landverðir skora á Alþingi að ljúka við stofnun Hálandisþjóðgarðs

Í gærkvöld lauk aðalfundi Landvarðafélags Íslands þar sem eftirfarandi ályktun var samþykkt:

*Aðalfundur Landvarðafélags Íslands lýsir yfir stuðningi við stofnun Hálandisþjóðgarðs og skorar á Alþingi að ljúka málinu fljótt og vel. Stofnun Hálandisþjóðgarðs mun ekki aðeins efla náttúruvernd á Ísland, heldur einnig verða mikilvægur hluti af viðspyrnu atvinnulífs að loknum heimsfaraldri. Með garðinum skapast tækifæri til þess að byggja upp ferðapjónustu í meiri sátt við náttúru og umhverfi á sama tíma og garðurinn fjölgar störfum um land allt.*

*Landvarðafélag Íslands hvetur Alþingi til þess að gera ráðningu landvarða í Hálandisþjóðgarði og á öðrum friðlýstum svæðum óháða sértekjum. Óvissa um ráðningu landvarða vegna sértekna greifur undan náttúruvernd, mannaði friðlýstra svæða og þeirri sérþekkingu sem landverðir aflla sér.*

*Stofnun Hálandisþjóðgarðs yrði mikil framför fyrir náttúruvernd á Íslandi og mun stofnun þjóðgarðsins auka skilvirkni í allri vinnu við náttúruvernd, með sameiningu friðlýstra svæða á hálendinu og aukinni samvinnu landvarða. Hálandisþjóðgarður mun stuðla að nýtingu náttúrunnar á sjálfbæran hátt en á sama tíma tryggja að komandi kynslóðir geti notið þeirra töfra sem hálendi Íslands býr yfir um ókomna tíð.*

Þá var kosið til stjórnar og er nýr formaður Landvarðafélags Íslands Nína Aradóttir landvörður á friðlandi að Fjallabaki. Ásamt Nínu er ný stjórn skipuð: Hrafnhildi Völu Friðriksdóttur, Rakel Önnu Boulter, Guðrúnu Tryggvadóttur og Þórhalli Jóhannssyni. Varamenn eru þau: Benedikt Traustason og Eyrún Þóra Guðmundsdóttir. Þórunn Lilja Arnórsdóttir lét af störfum í stjórn og við þökkum henni kærlega fyrir vel unnin störf.

Í kjara- og laganefnd eru Guðrún Tryggvadóttir, Benedikt Traustason og Guðmundur Björnsson. Í fræðslu- og skemmtinefnd eru Helga Aradóttir, Friðgeir Jóhannes Kristjánsson og Anna Pálsdóttir. Í alþjóðanefnd eru Hrafnhildur Ævarsdóttir, Linda Björg Hallgrímsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir.

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands,  
**Nína Aradóttir**